

Kæri kjósandi.

Velkomin(n) á kjörskrá hjá Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í tilefni af því að þetta er í fyrsta sinn sem þú tekur þátt í kosningum hér í Ölfusi, langar okkur að benda þér á nokkur gagnlega atriði vegna sveitarstjórnarkosninga þann 26. maí nk.

### Hvar get ég kosið?

Kjörstaður sveitarfélagsins er:

Versalir, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Kjörstaður er opinn kl. 09:00 – 22:00. Flettu þér upp í kjörskrá á upplýsingavefnum egkys.is og sjáðu hvar þú átt að kjósa. Ef þú kemst ekki til að kjósa á kjördag, geturðu **greitt atkvæði utan kjörfundar**. Nánari upplýsingar um það eru einnig á egkys.is.

### Hvernig fara kosningarnar fram?

Þegar þú hefur gert grein fyrir þér með því að framvísa persónuskilríkjum (vegabréfi) færðu kjörseðil afhentan. Þú ferð inn í kjörklefann með kjörseðilinn og notar blýant sem þar er til að setja X við það framboð sem fær atkvæði þitt. Brjóttu því næst kjörseðilinn saman og settu í kjörkassa. Ekki gera neitt annað við kjörseðilinn vegna þess að með því gætir þú ógilt atkvæði þitt.

### Er ég örugglega á kjörskrá?

Hefur þú nýlega flutt og fengið nýtt heimilisfang eða ertu erlendur ríkisborgari? Farðu á [egkys.is](http://egkys.is) og flettu þér upp til að sjá hvort þú ert örugglega á kjörskrá. Erlendir ríkisborgarar ávinna sér kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum eftir búsetu hér á landi í tiltekinn árafjölda.

### Nánari upplýsingar

Á upplýsingavefnum egkys.is er mikið af gagnlegum upplýsingum fyrir kjósendur á einum stað. Á vef sveitarfélagsins olfus.is eru upplýsingar um kjörstað og þau framboð sem eru að bjóða sig fram til bæjarstjórnar. Upplýsingar um frambjóðendur og áherslur þeirra í stjórnámálum sveitarfélagsins má svo nálgast á vef- og samfélagsmiðlum framboða.

Með kveðju,

